

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Tilgangur.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð umráðamanna búfjárins.

Sveitarstjórn í samráði við atvinnu- og nýsköpunarnefnd Þingeyjarsveitar, fer með eftirlit með framkvæmd þessarar samþykktar.

2. gr.

Skilgreining.

Með búfé í samþykkt þessari er átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín, sbr. 2. gr. laga nr. 38/2012, um búfjárhald. Búfjárhald er heimilt að fengnu leyfi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

3. gr.

Leyfi til búfjárhalds.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda, húsakost og annað er máli kann að skipta um öryggi og vörslu búfjárins.

Telji sveitarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum, veitir hún leyfið. Leyfið skal gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

Leyfi til búfjárhalds er veitt í ótilgreindan tíma en er uppsegjanlegt með hálfis árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Umráðamaður búfjár sem heldur búfé á eyðijörð eða landi þar sem ekki er föst búseta skal tilgreina umsjónarmann.

Þeir sem halda búfé í Þingeyjarsveit samkvæmt búfjárefirlitsskýrslum við gildistöku samþykktar þessarar hafa leyfi til búfjárhalds í Þingeyjarsveit við gildistöku samþykktarinnar.

4. gr.

Skilyrði.

Skilyrði fyrir búfjárhaldi í Þingeyjarsveit eru að allir þeir sem búfjárhald stunda, jafnt á lögbýlum sem utan þeirra, uppfylli ákvæði gildandi laga og stjórnvaldsreglna um búfjárhald, aðbúnað búfjár, sjúkdómavarnir, afréttamál o.fl.

Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum samkvæmt reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.

5. gr.

Vörsluskylda.

Vörsluskylda er á öllu búfé neðan fjallsgirðinga allt árið þar sem það á við og er búfjárhaldið neðan fjallsgirðinganna að öllu leyti á ábyrgð umráðamanns búfjárins. Umráðamaður búfjár skal ábyrgjast að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis og gangi ekki laust utan þess, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um búfjárhald.

Vörsluhólf skulu afmörkuð með gripheldum girðingum, sbr. reglugerð nr. 748/2002, um girðingar, svo og náttúrulegum farartálmum sem koma í veg fyrir frjálsa för búfjár og ber umráðamaður búfjárins ábyrgð á að það sé gert.

Umráðamaður lands annars vegar og eigendur/notendur sameiginlegs beitilands hins vegar skulu sjá til þess að fjallsgirðingar/samgirðingar milli sameiginlegs beitilands og heimalands séu gripheldar frá því að snjóá leysir og þar til snjó leggur, sbr. einnig 2. mgr. 11. gr. girðingarlaga nr. 135/2001.

Vanræki framangreindir aðilar skyldu til að halda girðingum gripheldum þrátt fyrir áskoranir er sveitarfélaginu heimilt að lagfæra girðingarnar á kostnað viðkomandi, sbr. 11. gr. girðingarlaga nr. 135/2001.

6. gr.

Beitilönd.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins, sem leigð eru til beitar og/eða slægna. Þeir búfjáreigendur eða félagasamtök sem hafa land á leigu frá sveitarfélaginu skulu hafa landið girt á eigin kostnað, gripheldri girðingu, sem nauðsynleg er til vörslu þeirra gripa sem innan hennar eiga að vera, sbr. 5. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Umsóknir um land til beitar eða slægna skal senda til sveitarstjórnar sem úthlutar landi samkvæmt tillögu atvinnu- og nýsköpunarnefndar. Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna skulu á eigin kostnað viðhalda gróðri landsins og leitast við að efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beitar- og slægjulönd eru tilgreindar frekari reglur um umgengni við landið.

Notandi beitilands ofan fjallsgirðingar skal gæta þess að beitarálag á land sem hann nýtir sé ekki meira en land þolir, sbr. III. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Nýti umráðamaður ekki að fullu land það sem hann hefur fyrir eigið búfé er honum heimilt að leyfa öðrum afnot af því að því marki sem beitarþol leyfir. Ef um óskipt land er að ræða verða sameigendur einnig að veita leyfi fyrir slíkri heimild. Umráðamanni lands ber að tilkynna til sveitarstjórnar hverjum hann heimilar beit og fyrir hvaða fjölda búfjár, sbr. 8. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Sleppa skal búfé á það svæði sem heimild til þess gildir um.

7. gr.

Fjallskil.

Um fjallskil gilda ákvæði fjallskilasamþykktar fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps nr. 760/2023. Fjallskilanefndir Þingeyjarsveitar leggja á fjallskil í samræmi við lög, stjórnvaldsreglur og þær verklagsreglur sem á hverjum tíma gilda um álagningu dagsverka og/eða fjallskilagjald.

8. gr.

Lausaganga.

Lausaganga stórgripa er bönnuð í Þingeyjarsveit. Umráðamönnum stórgripa í sveitarfélaginu er skylt að hafa þá í vörslu innan gripaheldra girðinga sbr. reglugerð um girðingar nr. 748/2002. Nú verður stórgripa vart utan vörslugirðinga og ber þá þeim er til sér að tilkynna það til sveitarfélagsins. Sveitarfélagið gefur umráðamanni, sé vitað hver hann er, kost á að handsama búfénaðinn tafarlaust, en skal að öðrum kosti láta handsama búféð og færa í örugga vörslu. Umráðamanni skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem vegna tjóns eða kostnaðar við handsömun. Við ítrekuð brot eða hafi umráðamaður ekki hirt um að sækja gripi sína innan tíu daga, er heimilt að svipta hann leyfi til búfjárhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum um velferð dýra nr. 55/2013.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð innan þéttbýlissvæðis í Þingeyjarsveit. Þéttbýlissvæði Þingeyjarsveitar teljast vera Laugar og Reykjahlíð. Sveitarfélagið í samráði og samstarfi við landeigendur sem eiga land að þéttbýlissvæðunum skulu vinna að því að halda þéttbýlinu búfjárlausu s.s. með takmörkun á lausagöngu nærri þéttbýli eða með girðingu sbr. 8. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og 5. gr. girðingarlaga nr. 135/2001 og reglugerð um girðingar nr. 748/2002. Um búfé innan þéttbýlis skal fara á sama hátt og mælt er fyrir í 1. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Friðun svæða.

Ætli landeigandi að friða afmarkaða landspildu fyrir ágangi búfjár skal hann tilkynna sveitarstjórn það. Jafnframt skal landeigandi framvísa umsögn Búnaðarsambands S-Þingeyinga þar sem fram

kemur að girðing um spilduna sé gripheld og friðun sé raunhæf. Sveitarstjórn skal auglýsa umrædda friðun í samræmi við lög. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní ár hvert framvísa til sveitarstjórnar umsögn Búnaðarsambands S-Þingeyinga um að vörslulínan sé fullnægjandi, að öðrum kosti fellur friðun úr gildi. Landeigandi ber allan kostnað af úttektinni.

Komist búfé inn á friðað svæði, skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur umráðamaður handsamaðs búfjár og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrir mælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda sveitarfélaginu dýrin.

Umráðamaður búfjár ber kostnað af handsömun þess samkvæmt gildandi gjaldskrá. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans. Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði skv. lögum um búfjárhald nr. 38/2013.

10. gr.

Ágreiningur.

Nú rís ágreiningur um upprekstrarrétt eða notkun sameiginlegs beitilands og má þá vísa málinu til umfjöllunar sveitarstjórnar. Skal þá, ef sveitarstjórn tekst ekki að miðla málum, vísa ágreiningnum til sýslumanns er úrskurðar í málinu, sbr. 9. gr. laga nr. 6/1986.

Um ágang búfjár skal fara eftir ákvæðum fjallskilasamþykktar fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps nr. 760/2023 og IV. kafla laga nr. 6/1986.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn samþykkt þessari eða lögum og stjórnvaldsreglum sem settar eru með heimild í þeim, varða viðurlögum samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald.

Ef leyfishafi brýtur gegn samþykkt þessari, lögum nr. 38/2013 eða viðeigandi stjórnvaldsreglum, getur sveitarstjórn afturkallað leyfi viðkomandi til búfjárhalds í lögsagnarumdæmi Þingeyjarsveitar, að undangenginni viðvörðun og tilkynningu um afturköllun leyfis.

12. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar staðfestist hér með samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald og öðlast þegar gildi.

Leitað hefur verið umsagnar Bændasamtaka Íslands vegna samþykktarinnar, sbr. lög nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Samþykkt við síðari umræðu í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, 25. janúar 2024.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.